



*Félag
ráðgjafar-
verkfræðinga*

Ársskýrsla 2013

Lögð fram á aðalfundi 15. maí 2014

Fyrsta ár FRV innan SI


- Um þessar mundir er liðið fyrsta starfsár FRV innan Samtaka iðnaðarins(SI). Í kjölfar þess hafa margvíslegar breytingar átt sér stað á starfssemi félagsins og munu gera áfram. Markmiðið með inngöngu í SI var fyrst og fremst að stuðla að meiri og jákvæðari áhrifum á starfsskilyrði ráðgjafarverkfræðinga. Starfsumhverfi okkar er hins vegar enn býsna erfitt og það á eftir að koma betur í ljós síðar hvort vera okkar í SI auki okkar vægi en byrjunin lofar góðu.
- Ánægjulegt er að segja frá því að innkomu FRV í SI hefur verið vel tekið og sóst hefur verið eftir okkar aðkomu í margvísleg verkefni og samstarf fleiri atvinnugreina. Nefna má vettvang eins og nýtt Mannvirkjaráð SI sem er samstarfsvettvangur verkfræðinga, verktaka og meistara og hefur það markmið að vinna að breiðum og sameiginlegum hagsmunamálum þessara fyrirtækja og nýta þannig betur slagkraft samtakanna. Fyrstu verkefni ráðsins snúa að því að hafa áhrif á mannvirkjalög og byggingareglugerð.
- Eitt af því sem ný stjórn FRV hefur reynt að gera er að opna félagið meira gagnvart félagsmönnum. Í vetur hafa nokkrir stjórnarfundir verið opnir stjórnarfundir þar sem öllum félagsmönnum er boðið að vera með. Þetta hefur gefist ágætlega og einnig hefur félagið haft slíka fundi hjá einstökum fyrirtækjum. Stjórnin hyggst eftir atvikum halda þessu áfram.
- FRV hefur með beinum hætti tekið þátt í stefnumótun stjórnar SI og sl. haust tókum við þátt í hálf dags fundi þar sem m.a. iðnaðarráðherra sat allan tímann og hlustaði. Þar gafst okkur tækifæri til að koma okkar sjónarmiðum milliliðalaust beint á framfæri til stjórnari SI og til iðnaðarráðherra. Þessi sjónarmið eru þegar farin að birtast í áherslum SI sem segir okkur að við getum sannarlega haft meiri áhrif með þessum hætti og höfum síður en svo misst einhver einkenni eða sjálfstæði.
- Í mars sl. var Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits, kjörinn í stjórn Samtaka iðnaðarins og í kjölfarið einnig í stjórn Samtaka atvinnulífsins. Sú staðreynd ein og sér styrkir stöðu ráðgjafarverkfræðinga enda heyrist rödd og sjónarmið okkar bæði hærra og víðar á vettvangi atvinnulífsins og stjórn mála.
- Félagið gerði í vetur ítarlega umsögn um þriðja áfanga rammaáætlunnar. Það áhugaverða við þá umsögn er að í kjölfarið gerðu SA og SI umsögn um sama mál þar sem í einu og öllu var tekið undir sérfræðiálit okkar og vitnað beint í okkar umsögn. Þetta er gott dæmi um hvernig við náum að koma okkar hagsmunamálum á framfæri og hvernig önnur samtök og hópar hafa hag að veru okkar í SI.
- Viss verkefni eru á dagskránni hjá félaginu. Kannski er mikilvægasta verkefnið okkar að fara í stefnumótun fyrir atvinnugreinina og hefur stjórn FRV þegar fengið nákvæma kynningu á því hvernig slíkt ferli fer fram hjá sérfræðingum SI. Stefnt er að því að fara í þessa stefnumótun snemma í haust. Þetta ferli tekur einn dag og hefur sýnt sig að virkar vel til að skerpa á sjónarmiðum og lykilhagsmunum greina. Niðurstöður úr svona stefnumótun gagnast ekki bara félaginu heldur greininni í heild sinni og einstökum fyrirtækjum í sinni stefnumótun og viðskiptaþróun. Þetta verður kynnt nánar í ágúst og vonumst við eftir góðri þátttöku frá félagsmönnum.
- Félagið er með heimasíðu FRV.is þar sem áherslan er á tengingar við heimasíður aðildarfyrirtækjanna og almenna upplýsingagjöf um starfsemi þeirra. Lítil virkni hefur verið á vefsíðunni en til stendur að flytja vef FRV inn undir vef Samtaka iðnaðarins. Félagið er nú þegar komið með síðu innan SI en á eftir að færa mest af efninu yfir. Félagið hefur eindregið hvatt félagsmenn til að senda fréttir o.fl. til félagsins til endurbirtingar á vefnum en lítið hefur verið um viðbrögð.
- Nýtt merki félagsins var hannað og má sjá á forsíðu þessarar skýrslu. Einnig verður gerð ensk útgáfa af merkinu. Er þetta merki í stíl við merki margra aðildarféлага SI en einnig var kominn tími til að endurnýja ásýnd félagsins.

- Á vettvangi félagsins hefur talsvert verið rætt um neikvæða ímynd verkfræðinga og/eða ráðgjafa. Mikilvægt er að snúa þessari þróun við sérstaklega hjá yngri kynslóðinni. Í nokkrum blaðagreinum var mynd dregin upp af verkfræðingi sem þröngsýnum vísindamanni sem vaði yfir landið án tillits til náttúrunnar. Við sem vinnum sem ráðgjafar viljum ekki þessa neikvæðu ímynd því bæði fælic hún ungt fólk frá því að fara í tækni og vísindanám, en einnig stendur hún í vegi fyrir almennri velferð og nauðsynlegum framkvæmdum sem bæta eiga lífsgæði okkar Íslendinga. Þetta mál var einnig rætt talsvert við stéttarfélagið í tengslum við gerð nýs kjarasamning og þeirri hugmynd var varpað fram hvort mögulegt væri að vinna að bættri ímynd í sameiningu.
- Athugun Samkeppniseftirlitsins vegna starfssemi FRV er enn í gangi en hún fór í gang árið 2012 í kjölfar sameiningar Almennu verkfræðistofunnar og Verkís. Í kjölfarið var starfsmönnum þessara stofna gert að taka ekki þátt í starfssemi FRV. Það bann er í reynd enn í gildi. Nýlega var FRV tilkynnt að tafir hefðu orðið að athugun á félaginu og vonast eftirlitið til að geta hafið rannsókn á ný innan fjögurra mánaða. Að mati FRV hefur ekkert verið unnið í málinu og alls óvíst í hvaða það mun stefna. FRV mun hið minnsta beita sér fyrir því að banni Verkís á þátttöku í starfi FRV verði aflétt enda sameiningin löngu gengin í garð og engin haldbær rök fyrir málinu.

Starfsskilyrði og kjarasamningur


- Starfsskilyrði ráðgjafarverkfræðinga eru langt frá því að teljast viðunandi þótt hagvöxtur á síðasta ári hafi verið mjög góður. Hagvöxtur er drifinn áfram að einkaneyslu og þjónustuviðskiptum en fjárfesting er sem fyrr með minnsta móti sem vinnu gegn hagsmunum greinarinnar. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu er aðeins um helmingur af langtímaeðaltali eða um 12-13%. Fjárfesting er sem fyrr drifkraftur greinarinnar. Horfur á árinu 2014 eru óviðunandi. Á síðasta ári minnkaði atvinnuvegafjárfesting um 10% en vex á þessu ári um 8%. Horfur 2015 eru nokkru betri en byggja mjög á framvindu í orkufrekum iðnaði en mikil óvissa er hvort slíkar framkvæmdir fari í gang á næstu misserum.

Fjárfestingar 2006-2013
í m.kr. á verðlagi hvers árs



- Tölur úr virðisaukaskattskýrslum benda til að í fyrra hafi orðið tæplega 12% samdráttur í veltu hjá verkfræðingum og arkitektum en í hagtölum eru þessar tvær greinar teknar saman. Framan af síðasta ári stefndi í mun meiri samdrátt þannig að breytingin á seinni hluta ársins bendir til að staðan sé að skána nokkuð.

Velta hjá verkfræði- og arkitektastofum 2008-2013 skv. vsk skýrslum á verðlagi hvers árs



- Mörg íslensk verkfræðifyrirtæki hafa í auknu mæli verið að sækja sér verkefni erlendis, einkum til Noregs. Segja má að eftir að kreppan skall á hafi þessi verkefni verið lífæð margra fyrirtækja. Gengi krónunnar hefur styrkts umtalsvert síðastliðið ár og veikir það stöðu verkefna erlendis. Til að bæta gráu ofan á svart hefur norska krónan veikt gagnvart evru sem birtist í því að veiking hennar gagnvart íslensku krónunni er nokkru meir. Þetta veldur íslenskum verkfræðistofum sem afla verkefna og tekna í Noregi vandkvæðum og veikir samkeppnisstöðu þeirra á þeim markaði.
- Nýr kjarasamningur var undirritaður 25. febrúar sl. sem felur í sér að laun hækkðu um 2,8% frá 1. febrúar 2014 og aftur um 0,85% frá 1. júlí. Samningurinn gildir út febrúar 2015. Um er að ræða sömu hækkun á launum og er á almennum vinnumarkaði. Í þeim samningum var kveðið á um umtalsverða hækkun á desemberuppbót og orlofsuppbót auk eingreiðslu sem hugsuð var sem bætur fyrir þá sem misstu af hækkun í janúar sl. Ekki er hægt að koma slíkum kjarabótum inn í kjarasamning FRV og því var það vilji samningsaðila að reikna þær kjarabætur beint inn sem hækkun á launum og var niðurstaðan 0,85% frá 1. júlí. Inn í samninginn kom loks nýtt ákvæði um fyrirkomulag trúnaðarmanna á vinnustöðum og er það gert til að skýra hvernig skuli standa að slíku enda er réttur til þess skýr í lögum. Er nýtt ákvæði í kjarasamningnum í raun mun mildara en ákvæði laga.
- Lækkun tryggingagjalds er eitt af stóru hagsmunumálum FRV er varðar vinnumarkaðsmál. Eitt af einkennum verkfræðistofa er að laun eru áberandi hátt hlutfall heildarkostnaðar og því er tryggingagjaldið sérstaklega íþyngjandi. FRV leggur mikla áherslu á við endurnýjun kjarasamninga og í þríhliða samskiptum launþega, atvinnurekenda og ríkis að unnið verð að lækkun gjaldsins í takt við lækkun atvinnuleysis.

Erlend samskipti

- Aðalfundur FIDIC var haldinn í Barcelona í september 2013. Í tengslum við aðalfundinn var venju samkvæmt ráðstefna samtakanna. Bjarni Már Gylfason sótti fundinn fyrir hönd FRV. Á fundinum var kynntar niðurstöður ítarlegrar könnunar sem gerð var meðal ráðgjafarverkfræðinga um allan heim þar sem lögð var sérstök áhersla á að greina helstu áskoranir sem fyrirtækin standa frammi fyrir.

Niðurstöðurnar eru athyglisverðar og virðast ríma vel þann raunveruleika sem íslensk fyrirtæki í greininni standa frammi fyrir þó svo að einhverjar undantekningar kunni að vera á því. Helstu áskoranir sem nefndar voru:

- ✓ Hörð samkeppni erlendis frá auk samkeppni frá opinberum stofnunum.
- ✓ Mjög hörð verðsamkeppni og ónægjanlegt tillit tekið til gæða.
- ✓ Ónóg fjármögnun til innviðaframkvæmda.
- ✓ Skortur á verkfræðingum og ófullnægjandi samkeppnisstaða gagnvart öðrum greinum sem sækja í verkfræðinga.
- ✓ Spilling.
- ✓ Ójöfn skipting ábyrgðar og óviðunandi áhætta ráðgjafarverkfræðinga við verkefni.
- ✓ Ónægjanlegur pólitískur styrkleiki.

Næsti fundur verður haldinn í Ríó í Brasilíu í september 2014. Upplýsingar fást á skrifstofu FRV eða á www.fidic.org

- Árlegur fundur Norrænna félaga ráðgjafarverkfræðinga var haldinn í Helsinki í lok júní í fyrra. Tryggvi Jónsson sat fundinn fyrir hönd FRV en í aðdraganda þess fundar var einnig haldinn framkvæmdastjórafundur í Kaupmannahöfn sem Bjarni Már Gylfason sat. Á þessum fundum er rætt um markaðsaðstæður í hverju landi fyrir sig og þær bornar saman. Einnig eru tekin fyrir ýmis málefni er snerta verkfræðiráðgjöf, rekstur ráðgjafarfyrirtækja og áherslur í starfi hagsmunafélaganna. FRV hefur í gegnum tíðina notið góðs af þeirri vinnu sem mun stærri systurfélög þess á hinum Norðurlöndunum inna af hendi. Næsti Rinord fundur verður haldinn á Íslandi í lok júní 2014.

Stjórn FRV og önnur embætti

- Formaður stjórnar FRV er Tryggvi Jónsson hjá Mannviti. Meðstjórnendur eru Bjarni Gunnarsson Hnit, Magnús Kristbergsson VJI, Arinbjörn Friðriksson Efla, Guðjón Jónsson VSÓ. Skoðunarmaður reikninga er Sigurgeir Þórarinsson Mannviti.
- Í samninganefnd FRV eru Skapti Valsson Mannviti, Arinbjörn Friðriksson Eflu og Bjarni Már Gylfason.